



Borgarráð

E-reitur (Skyggnisbraut 13-15, Rökkvatjörn 1, Gæfutjörn 10-14 og Jarpstjörn 2-4) í Úlfarsárdal - höfnun allra tilboða.

Óskað er eftir að borgarráð hafni öllum tilboðum sem bárust í E-reitinn í Úlfarsárdal í útboði, dags. 17. september sl.

Greinargerð:

Alls bárust 10 tilboð í E-reit, allt frá 500.000 kr. - 240.000.000 kr. Eftir opnun tilboða kom í ljós villa í töflu um heimilað byggingarmagn í deiliskipulagi og ljóst að lagfæra þarf deiliskipulag áður en reitnum verður úthlutað.

Óskað er því eftir að borgarráð hafni öllum tilboðum sem bárust í E-reitinn. Jafnframt er óskað eftir heimild til að bjóða reitinn aftur út þegar búið er að breyta deiliskipulagi.

Óli Jón Hertervig